



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

© (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 21. mars 2005

Tilvisun: UST20050200127/bs


Efnislosunarstaðir í Ólafsfirði. Matsskylda

Vísað er til tölvubréfs Vegagerðarinnar dags. 16. mars sl. þar sem fram koma svör við athugasemdum í umsögn Umhverfisstofnunar sem send var Skipulagsstofnun 4. mars 2005. Eftirfarandi kemur fram í svörum Vegagerðarinnar:

Efnislosunarstaður við norðanvert Ólafsfjarðarvatn: Vegagerðin er tilbúin til að sleppa því að haugsetja efni í vatninu og miðar við að brún "tippsins" sé í a.m.k. í 10 m fjarlægð frá vatninu.

Efnislosunarstaður vestan Ólafsfjarðaróss: Á þessum stað mun Vegagerðin aðlaga hauginn betur að votlendi vestan Ólafsfjarðarvatns.

Umhverfisstofnun telur að haugsetning efnis í Ólafsfirði með þeim hætti sem Vegagerðin fyrirhugar muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson



Helgi Jónsson
Forstöðumaður